

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Inniklæðningar INK102 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Kristján Davíðsson	Sk.st.	KRD
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðingakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnu-aðferðum. Nemendur læra um smíði létttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gipsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og kennslan er að mestu bókleg þar sem m.a. er farið í heimsóknir í fyrirtæki.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- ☐ þekki uppsetningu og klæðningu létttra kerfisveggja innanhúss
 - ☐ kunni skil á mismunandi kerfisveggjum, kostum þeirra og göllum
 - ☐ þekki efni og festingar sem notaðar eru í létt veggvirki innanhúss
 - ☐ geti valið áhöld og tæki til uppsetningar á grind og klæðningu
 - ☐ þekki smíði létttra kerfisveggja innanhúss með hliðsjón af reglum og leiðbeiningum framleiðenda um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
 - ☐ viti hvernig hægt er að forma gipsplötur á bogna vegg og festa upp
 - ☐ þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við smíði létttra veggvirkja innanhúss
- ☐ kunni skil á algengustu burðarkerfum fyrir niðurhengd loft og uppsetningu þeirra
 - ☐ þekki uppbyggingu algengra kerfislofta og notkunarvið þeirra
 - ☐ kunni að merkja og setja upp vegglista, festingar og upphengjur
 - ☐ viti deili á uppsetningu burðar- og þverlista og stillingu grindar
 - ☐ kunni að sníða og koma plötum fyrir og búa til loftlúgu
 - ☐ þekki öryggisreglur og öryggisbúnað við uppsetningu kerfislofta
- ☐ viti hvernig á að leggja parket á stein og tré innanhúss
 - ☐ þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
 - ☐ þekki efni og áhöld sem notuð eru við lagningu og slípun parkets
 - ☐ hafi þekkingu á lagningu parkets á mismunandi undirstöður og efni
 - ☐ kunni að undirbúa og leggja gegnheilt og fljótandi parket á stein og tré
 - ☐ þekki frágang, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
 - ☐ þekki öryggisráðstafanir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á parketi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3	Inniklæðningar INK102 Kennsluáætlun vorönn 2012	

Kennslugögn:

Heftið ***Inniklæðningar (IDNÚ 2005)*** og annað það efni sem kennara þykir passa áfanganum.

Starfsaðferðir:

Kennslubókin lesin, lögð er á það áhersla að nemendur glósi hjá sér þann fróðleik annan sem frá kennara kemur og vinni verkefni, bæði í kennslubók og frá kennara. Einnig verða lögð fyrir skyndipróf án undirbúnings.

Áfanginn er bóklegur, en reynt verður að tengja efni hans þeim verkefnum sem í gangi verða á önninni í öðrum fagtengdum áföngum. Einnig verður skoðuð uppsetning kerfislofta og paníklæðninga, ásamt parketlögnum.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Bók		
2 – 8	Inniklæðningar	Tvö verkefni um timbur	Próf
8 – 13	Inniklæðningar	Tvö verkefni um gifs	próf
13 – 18		Parket/upprifjun	

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanganum lýkur með skriflegu lokaprófi sem gildir 60% af einkunn, en ná verður lokaprófinu svo starfseinkunn gildi.

Starfseinkunn gildir 40% af einkunn.

Tvö skyndipróf 20%

Fjögur tímaverkefni 20%

Með von um gott samstarf á önninnj ***Kristján Davíðsson***

Dagsetning:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Inniklæðningar INK102 Kennsluáætlun vorönn 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils